

**AMNESTY
INTERNATIONAL**



Utanríkismálanefnd Alþingis,
Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 23. nóvember 2022

Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um frumvarp til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja, 153. löggjafarþing 2022 – 2023, þskj. 91 – 91. mál.

Íslandsdeild Amnesty International fagnar framkomnu frumvarpi til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Þess má geta að Íslandsdeild samtakanna skilaði inn umsögn um áþekkt frumvarp á 139. löggjafarþingi 2010-2011, þskj. 18-18. mál, á 150. löggjafarþingi 2019-2020, þskj. 242-224. mál og 152. löggjafarþingi 2021-2022, þskj. 91 – 91. mál. Afstaða deildarinnar er sú sama og þá. Vakin er athygli á því að í frumvarpinu nú segir að engin umsögn hafi borist vegna málsins á 152. löggjafarþingi þrátt fyrir að Íslandsdeild Amnesty International hafi sent inn umsögn.

Mannréttindasamtökin Amnesty International tóku ákvörðun á heimsþingi samtakanna árið 2003 um að andmæla notkun, vörslu, framleiðslu og flutningi á kjarnavopnum.

Samtökin hafa mótmælt notkun allra handahófskenndra vopna, svo sem jarðsprengja og klasasprengja. Kjarnorkuvopn falla undir þá skilgreiningu en slík vopn þyrma engum sem fyrir þeim eða geislum frá þeim verður.

Íslandsdeild Amnesty International fagnar því framkomnu frumvarpi sem hefur það m.a. að markmiði að gera allt íslenskt yfirráðasvæði kjarnorkuvopnalaust og að stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.

Þá vill Íslandsdeild Amnesty International ítreka ánægju sína með tillögu til þingsályktunar um að Ísland undirriti og fullgildi samning Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum, 153. löggjafarþing 2022 – 2023, þskj. 86 – 86. mál, og vonar að hún verði samþykkt eins fljótt og auðið er.

Virðingarfyllst,

Anna Lúðvíksdóttir
Framkvæmdastjóri
Íslandsdeildar Amnesty International

